



Fundargerð

432. fundur velferðarráðs Reykjanesbæjar, haldinn að Tjarnargötu 12
8. maí 2024, kl. 13:00

Viðstaddir: Sigurrós Antonsdóttir formaður, Andri Fannar Freysson, Birna Ósk Óskarsdóttir, Eyjólfur Gíslason og Margrét Þórarinsdóttir.

Að auki sátu fundinn Hera Ósk Einarsdóttir sviðsstjóri velferðarsviðs, Hilma H. Sigurðardóttir teymisstjóri ráðgjafar- og virkнитеymis, Halldóra Mjöll Ingipórsdóttir fulltrúi ungmennaráðs og Aðalheiður Ósk Gunnarsdóttir ritari.

* * *

1. Stuðningsþjónusta - breytingar á vinnufyrirkomulagi (2024050046)

Margrét Arnbjörg Valsdóttir, teymisstjóri stuðnings- og öldrunarþjónustu og Guðlaug Anna Jónsdóttir deildarstjóri stuðningsþjónustu mættu á fundinn og fóru yfir tillögur að breytingum á vinnufyrirkomulagi í stuðningsþjónustu Reykjanesbæjar.

2. Sameining dagdvala (2024050055)

Margrét Arnbjörg Valsdóttir, teymisstjóri stuðnings- og öldrunarþjónustu og Kristín M. Hreinsdóttir deildarstjóri dagdvala mættu á fundinn og kynntu hugmyndir um sameiningu dagdvala Reykjanesbæjar.

3. Málefni heimilislausra - smáhús (2023070008)

Gunnar Kristinn Ottósson skipulagsfulltrúi, Hreinn Ágúst Kristinsson deildarstjóri eignaumsýslu og Ásdís Rán Kristjánsdóttir, verkefnastjóri í velferðarþjónustu mættu á fundinn. Kynntar voru tillögur að hönnun og farið yfir undirbúning að grenndarkynningu vegna fyrirhugaðra smáhúsa fyrir íbúa sem glíma við fjölþættan vanda.

Velferðarráð samþykkir hönnun húsanna og að farið verði í grenndarkynningu vegna fyrstu fjögurra húsanna.

4. Þróun og nýsköpun í málefnum fatlaðs fólks – þátttaka í starfshóp (2024050064)

Félags- og vinnumarkaðsráðherra hefur skipað Ólaf Garðar Rósinkarsson, verkefnastjóra í málefnum fatlaðra á velferðarsviði Reykjanesbæjar, sem fulltrúa Sambands íslenskra sveitarfélaga í starfshóp sem er falið að vinna að þróun og nýsköpun í þjónustu við fatlað fólk til þess að auka gæði og hagkvæmni í þjónustu. Starfshópurinn skal taka mið af þeim aðgerðum sem tilgreindar eru í tillögu til þingsályktunar um framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks árin 2024-2026 og þeim tillögum sem fram koma í skýrslu starfshóps um kostnaðarskiptingu ríkis og sveitarfélaga vegna þjónustu við fatlað fólk.

5. Fundargerð Samtakahópsins 16. apríl 2024 (2024030167)

Fundargerðin lögð fram.

Velferðarráð lýsir yfir áhyggjum af áfengisnotkun á íþróttaviðburðum og veltir fyrir sér hvort tilefni sé til að skoða hvernig aðgengi ungmenna að áfengi er.

6. Mælaborð og tölulegar upplýsingar (2024020127)

Hera Ósk Einarsdóttir sviðsstjóri velferðarsviðs lagði fram tölulegar upplýsingar vegna fjárhagsaðstoðar og sérstaks húsnæðisstuðnings í apríl 2024.

Fjárhagsaðstoð

Í apríl 2024 fengu 185 einstaklingar greidda fjárhagsaðstoð frá Reykjanesbæ. Alls voru greiddar 26.903.645 kr. í fjárhagsaðstoð eða að meðaltali um 145.425 kr. á hvern einstakling.

Í sama mánuði 2023 fengu 360 einstaklingar greidda fjárhagsaðstoð frá Reykjanesbæ. Alls voru greiddar 52.664.229 kr. í fjárhagsaðstoð eða að meðaltali 140.734 kr. á hvern einstakling.

Sérstakur húsnæðisstuðningur

Í apríl 2024 fengu 313 einstaklingar greiddan sérstakan húsnæðisstuðning sveitarfélagsins. Samtals voru greiddar 6.780.612 kr.

Í sama mánuði 2023 fengu 300 einstaklingar greiddan sérstakan húsnæðisstuðning sveitarfélagsins, samtals 6.379.412 kr.

Áfrýjunarnefnd

Í apríl 2024 voru haldnir 2 fundir í áfrýjunarnefnd og 11 erindi lögð fyrir nefndina. 7 erindi voru samþykkt og 4 erindum var synjað.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 15:08.